

Aðalfundur Foreldrafélags Engidalsskóla

Haldinn í matsal Engidalsskóla.

3. október 2023, kl. 17:30

Mættir voru 19 foreldrar/forráðamenn ásamt stjórnarmeðlimunum Erlu Sigurðardóttur formanni, Íris Huld Christersdóttur gjaldkera, Ragnari Þór Harðarssyni og Unni Maríu Jónsdóttur sem ritar þessa fundargerð. Fjarverandi voru Eiríkur Ástvald Magnússon, Soffía Thorberg Bergsdóttir og Símon Birgisson

1. Margrét skólustjóri hóf fund á að kynna uppbyggingarstefnu skólans.
2. Erla Sigurðardóttir formaður félagsins setti formlegan aðalfund. Hún hóf fundinn á að færa Margréti gjöf til frístundastarfs Engidalsskóla. Fundarstjóri og fundarritari voru kosnir (Ragnar Þór Harðarsson fundarstjóri og Unnur María Jónasóttir fundarritari).
3. Ragnar bauð fólk velkomið og kynnti dagskrá fundar.
4. Erla greindi frá skýrslu stjórnar fyrir skólaárið 2022-2023.
5. Ársreikningar lagðir fram af Írisi gjaldkera. Fundur samþykkti ársreikninga.
6. Ársgjöld kynnt og lagt til af stjórn að halda ársgjaldi óbreyttu (2500 kr. á hverja fjölskyldu, óháð fjölda barna í skólanum). Fundur samþykkti þá tillögu.
8. Kosning stjórnar. Erla Guðrún og Unnur María gefa áfram kost á sér í stjórn en Íris Huld, Eiríkur Ástvald, Símon, Soffía og Ragnar Þór víkja úr stjórn. Óskað eftir framboðum frá foreldum. fimm fulltrúar foreldra buðu sig fram til viðbótar og var stjórnin samþykkt.

Erla Guðrún Sigurðardóttir bauð sig fram sem formann og samþykkti fundur

Nýja stjórn skipa:

- i. Bertha María Jónsdóttir
- ii. Bryndís Sigríksdóttir
- iii. Erla Guðrún Sigurðardóttir, formaður
- iv. Helgi Þór Arason
- v. Linda Björk Sumarliðadóttir
- vi. Rósa Siemsen
- vii. Unnur María Jónsdóttir

9. Kosning í skólaráð. Íris Huld Christersdóttir og Hákon Steinsson buðu sig fram sem fulltrúar foreldra í skólaráð. Fundur samþykkti þessi framboð.

10. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:40